



## Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

72. fundur fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, miðvikudaginn 12. september 2018 kl. 8.15 f.h.

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Guðmundur Finnbogason, fulltrúi sveitarstjórnar

Dagný Davíðsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri

Íris Anna Steinarrsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Alice Petersen, fulltrúi grunnskóladeildar

Sigríður Þorbjörnsdóttir, fulltrúi leikskóladeildar

Íris Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri boðaði forföll

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Guðmundur Finnbogason

### 1. Hlutverk fræðslunefndar.

*Pétur Thomsen, formaður fóru yfir hlutverk fræðslunefndar fyrir nefndarmenn. Lagður var fyrir gátlisti frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem að nefndarmenn munu fara yfir fyrir næsta fund.*

### 2. Kynning á vetrarstarfinu, leik – og grunnskóli.

*Stjórnendur fóru yfir starfið í leik- og grunnskóla.*

*Sigríður fór yfir áherslur á leikskóladeild í vetur ásamt þeim verkefnum sem að hver aldurshópur tekur fyrir. Fjöldi barna sem þurfa inngríp er mjög hátt í leikskólanum eða um 50%. Ýmsar ástæður eru þar að baki en sú viðamesta er vegna barna sem eru tvítýngd.*

*Jóna Björg fór yfir áherslur skólastarfsins fyrir veturinn. Áherslur eru grænfanann, lýðræðið og lífsfjölbreytileikinn.*

*Skólinn er í samstarfi með sveitarfélaginu og skógræktarfélaginu um að útbúa yndisgarð. Til þess hefur skólinn fengið úthlutað 4 ha landsvæði í nágrenninu og mun þar vinna að þessu verkefni á næstu árum og áratungum.*

*Breytingar eru að verða á starfsmannamálum í leikskóladeild með haustinu. Byrjað er að auglýsa eftir nýjum starfsmönnum. Grunnskóladeild er fullmönnuð fyrir veturinn miðað við núverandi nemendastöðu.*

### 3. Stundaskrár.

*Íris Anna lagði fram og kynnti stundarskrár leik- og grunnskóladeilda. Bætt hefur verið inn gjaldfrjálsri frístund á mánudögum og þriðjudögum þar til að skólabíll leggur af stað. Rætt var um smíðjuhelgar sem að verða á dagskrá líkt og síðasta vetur. Sömu áherslur eru í námi á milli ára en áfram er lögð áhersla á umhverfið og útinám. Allar stundarskrár hafa verið reiknaðar út með tilliti til viðmiðunarstundaskráa aðalnámskrár og eru samkvæmt þeim að teknu tillit til smíðjuhelganna. List og verkgreinar eru kenndar í blönduðum hópum þar sem að 5.-10. bekkur*



## Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

*eru saman. Ekkert heimanám er lagt fyrir að undanskildum daglegum lestri og verkefnum tengdum honum.*

### **4. Fundartímar í vetur.**

*Ákveðið var að halda fræðslunefndarfundina fram að áramótum annan þriðjudag í mánuði klukkan 8:10. Næsti fundur er áætlaður 9. október klukkan 8:10.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 9:00